

# Frístund Brekkuskóla

2010-2011

Ýmsar upplýsingar sem gott er að hafa við hendina.

**Sími 4622526**

**Póstfang: [bryndisb@akmennt.is](mailto:bryndisb@akmennt.is)**

## **Umsókn - tímaskráning:**

Foreldrar skuldbinda sig til að halda staðfestum vistunartíma að minnsta kosti eina önn (4 mánuði). Þó skal taka mið af aðstæðum foreldra og stöðu frístundar hvað varðar sölutíma. Óski foreldrar eftir breytingu á dvalartíma barnsins, sækja þeir um hana skriflega hjá forstöðumanni frístundar

**Foreldrar sjái um að rétt tímaskráning sé alltaf til staðar hjá forstöðumanni.**

Ef barn á að hætta í frístund þarf að tilkynna það fyrir 15. dag mánaðarins á undan.

**Veikindi, frí og hvers konar forföll** þarf að tilkynna, annað hvort beint í frístund,(4622526) ritara (4622525) eða senda tölvupóst. Ef um breyttan áður skráðan tíma er að ræða er líka hægt að senda börnin með skrifleg skilaboð t.d. að fá að fara fyrir heim, eða heim með vini. **Leyfi til þess þurfa að koma frá foreldrum.**

## **Langir dagar: Skóðið skóladagatalið vel.**

Þá daga sem engin kennsla er eða frí (t.d. haust-, jóla-, vetrar- og páskafrí og starfsdaga) er opið frá 8:00 – 16:15. Skrá þarf sérstaklega þessa daga og er mynnt á þá þegar þeir eru. Engin börn er skráð sjálfkrafa þessa daga.

**Pessa löngu daga þurfa öll börn að hafa með sér morgunnesti.**

**Starfsdagar:** Sú breyting hefur orðið að starfsfólk frístundar fær nú 3 starfsdaga á skólaárinu sem skiptast þannig: 2 heila daga og 2 sinnum hálfan dag.

**Heimanám:** Boðið er upp á aðstoð við heimanám, þ.e. skrift, stærðfræði og móðurmálsverkefni. Lesa þarf heima og ljúka verkefnum sem ekki næst að vinna á þeim tíma sem gefinn er í heimanámið 30-45 mínútum. Þetta tilboð er fyrir 2. – 4. bekkina. Heimanám er ávalt á ábyrgð foreldra.

**Gjaldtaka:** Innheimta fer í gegnum innheimtugerfi bæjarins og er samkeyrt með leikskólainnheimtunni. Systkinaafsláttur gildir á milli skólavistana, leikskóla og dagmæðra.

**Verðskrá:** - Grunn gjald kr. **5600** = 20 tímar pr.mánuð.

**Skóðið verðskrá.** Gjald er reiknað frá því að skóla líkur.

**Merkið vel öll föt**

**Það er forsenda fyrir því að hægt sé að koma þeim til skila.**